

# Sjálfbærnistefna



## 1. Inngangur

- 1.1. Fossar fjárfestingarbanki hf. („Fossar“ eða „félagið“) þjónustar innlenda og erlenda fjárfesta á sviði markaðsviðskipta, eignastýringar, fyrirtækjaráðgjafar og lánveitinga.
- 1.2. Það er markmið Fossa að sýna metnað og ábyrgð í umhverfispáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum (hér einnig nefnt „sjálfbærniþættir“ eða „UFS þættir“), bæði í rekstri félagsins og í gegnum áhrif starfsemi félagsins á viðskiptavini, samfélag og aðra haghafa. Fossar vilja því leitast við að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif í rekstri sínum, skapa heilbrigðan, öruggan og uppbyggilegan starfsvettvang og stuðla að góðum og heilbrigðum stjórnarháttum.
- 1.3. Gildi Fossa eru fagmennska, árangur og traust. Ákvarðanir Fossa skulu allar taka mið af gildum félagsins en í því felst meðal annars að beita langtímahugsun fram yfir skammtímahugsun í starfsemi sinni.
- 1.4. Sjálfbærnisjónarmið hafa ávallt verið höfð að leiðarljósi í starfsháttum félagsins en sjálfbærnistefna þessi miðar að því að setja mælanleg áherslumarkmið til að tryggja skýrar áherslur í sjálfbærnivegferð Fossa.
- 1.5. Sjálfbærnistefna þessi nær til bæði til reksturs og starfsemi Fossa. Starfsfólk hefur farið í gegnum stefnumótun á sviði sjálfbærni og er upplýst um stefnuna, markmið hennar og tilgang.

## 2. Skuldbindingar Fossa og stuðningur við heimsmarkmiðin

- 2.1. Fossar eru aðili að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar, Principles for Responsible Investment (UN PRI). Með þeirri aðild skuldbindur félagið sig opinberlega til að innleiða og útfæra meginreglur þeirra í starfsemi sinni.
- 2.2. Fossar eru einnig aðili að IcelandSIF, umræðuvettvangs um ábyrgar fjárfestingar, sem hefur það markmið að efla þekkingu á sjálfbærum og ábyrgum fjárfestingum. Starfsmenn Fossa eru þar virkir þátttakendur og eru fulltrúar í vinnuhópum á vegum samtakanna.
- 2.3. Fossar hafa framkvæmt einfalda mikilvægisgreiningu á sjálfbærniþáttum í því skyni að greina þá sjálfbærniþætti sem eru mikilvægir fyrir rekstur Fossa. Til að tryggja skýrar áherslur í sjálfbærnivegferð hafa Fossar þannig greint starfsemi félagsins í því skyni að setja félaginu viðeigandi áherslumarkmið Fossa í sjálfbærni, sem vikið er að í kafla 3. Þá hefur félagið valið sér tiltekin Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun til að leggja áherslu á við framvindu áherslumarkmiða. Eftirtalin heimsmarkmið hafa verið valin sem talið er að félagið geti best stutt við:



### 3. Áherslumarkmið Fossa

3.1. Áherslumarkmið Fossa taka mið af niðurstöðu mikilvægisgreiningar. Í árlegum sjálfbærnisráðgjafum verður gerð grein fyrir framvindu áherslumarkmiða auk þess sem þau verða uppfærð eftir því sem við á. Við mælingu á árangri verður stuðst við UFS leiðbeiningar Nasdaq. Fossar munu mæla árangur og upplýsa um framvindu stefnunnar, fyrst fyrir starfsárið 2021.

Sum markmið eru þess eðlis að viðhalda tilteknum þáttum en önnur felast í athöfnum sem lögð er áhersla að grípa skuli til. Horft er til eftirfarandi þriggja grunnþátta, en markmið undir hverjum þætti eru ekki tæmandi heldur til áherslu:

#### 3.2. Stjórnarhættir

3.2.1. Almennt: Stjórnarhættir vega þyngst sjálfbærniþátta hjá Fossum samkvæmt niðurstöðu mikilvægisgreiningar. Markmið stjórnenda Fossa er að starfsemi félagsins fari ávallt fram í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem og eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti á fjármálamarkaði með hagsmuni viðskiptavina félagsins að leiðarljósi. Fossar fylgja leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja í öllum meginatriðum.

3.2.2. Tengsl við heimsmarkmið: Markmið Fossa undir stjórnarháttum styðja einkum við heimsmarkmið 8 um góða atvinnu og hagvöxt og heimsmarkmið 9 um nýsköpun og uppbyggingu. Stjórnskipulag og áhættustýring sjálfbærnimála hjá Fossum veitir styrkari grundvöll fyrir ábyrgar fjárfestingar og ábyrgar lánveitingar. Það veitir betra aðgengi að fjármagni til aðila sem viðhafa góða stjórnarhætti auk þess að styðja við ábyrga langtímaáætlun þar sem ytri úthrif eru innbyrt.

3.2.3. Áherslumarkmið tengd stjórnarháttum eru sett undir eftirfarandi liðum:

##### *Stjórnun og yfirsýn sjálfbærnimála*

- Fossar leggja áherslu á sterkt stjórnskipulag sjálfbærnimála og skýra ábyrgð einstakra eininga.
- Fossar taka nýrri sjálfbærnilöggjöf, þ.e. innleiðingu Taxonomy og SFDR reglugerða Evrópusambandsins í íslenskan rétt, af heilum hug. Lögð er áhersla á ábyrga og skipulega innleiðingu þeirra í starfseminni.
- Fossar tryggja reglulega fræðslu til starfsfólks um sjálfbærnimálefni.



- Fossar birta árlega sjálfbæriskýrslu, en það var fyrst gert fyrir árið 2021.

#### *Áhættustjórnun*

- Fossar munu greina og upplýsa um sjálfbærniáhættu með skýrum hætti í starfsemi bankans.
- Fossar munu innleiða sjálfbærni viðmið sem lið í starfskjarastefnu.

#### *Viðskiptasiðferði*

- Fossar leggja skýra áherslu á ríkt siðferði í allri ákvarðanatöku, bæði í viðskiptum og í innri málefnum félagsins, m.a. með því að viðhalda sterkri áhættumeningu.
- Fossar munu setja siðareglur birgja.

### **3.3. Félagslegir þættir**

3.3.1. Almennt: Fossar vilja hafa jákvæð áhrif á samfélagið og leggur því áherslu á félagslega þætti, í atriðum sem snúa að starfsfólki, viðskiptavinum, birgjum eða samfélaginu í heild. Fossar eru eftirsóttur vinnustaður og skapar starfsfólki sínu heilbrigðan, öruggan og uppbyggilegan starfsvettvang. Starfsfólk Fossa hefur jöfn tækifæri og hvers konar mismunun er ekki liðin.

3.3.2. Tengsl við heimsmarkmið: Markmið Fossa undir félagslegum þáttum styðja einkum við heimsmarkmið 5 um jafnrétti kynjanna og heimsmarkmið 9 um góða atvinnu og hagvöxt. Með því að hlúa að jákvæðri vinnustaðameningu og skapa umhverfi þar sem virðing er borin fyrir starfsfólki er unnið að báðum heimsmarkmiðunum með virkum hætti. Mikilvægt er að tryggja virka þátttöku kvenna í fjármálageiranum, ekki síst í stjórnunarstöðum.

3.3.3. Áherslumarkmið tengd félagslegum þáttum eru sett undir eftirfarandi liðum:

#### *Þróun mannauðs*

- Fossar leggja áherslu á að laða að, halda í og þróa hæft starfsfólk.
- Fossar munu setja sér mannauðs- og jafnlaunastefnu.
- Fossar leggja áherslu á heilbrigða vinnutíma- og vinnustaðarmeningu.
- Fossar munu hefja ferli jafnlaunavottunar/-staðfestingar með framkvæmd launagreiningar.
- Fossar hvetja starfsfólk til endurmenntunar á sínu fagsviði.
- Fossar munu útbúa starfsánægjukönnun og framkvæma hana reglulega.

#### *Fjölbreytileiki og inngilding*

- Fossar viðhalda menningu sem hvetur til heilbrigðra samskipta og þróunar, með áherslu á jafnrétti og virðingu.
- Fossar efla kynjafjölbreytni og leggur áherslu á jöfn hlutföll kynja í stjórnunarstöðum.



- Fossar grípa til virkra aðgerða til að inngilda konur í óformlega viðburði. Þetta á til að mynda við um kvöld- og hádegisverði, veiðiferðir og aðrar samkomur.

### 3.4. Umhverfisþættir

- 3.4.1. Almennt: Fossar leggja sig fram við að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif í rekstri sínum. Við setjum mælanleg markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í okkar starfsemi. Við munum greina kolefnisspor okkar árlega með því að mæla beina og óbeina losun frá rekstri félagsins. Hér er átt við losun vegna ferða starfsfólks til og frá vinnu og á vinnutíma, ferðlög með flugi, losun úrgangs, vatns- og orkunotkunar ásamt fleiri þáttum.
- 3.4.2. Tengsl við heimsmarkmið: Markmið Fossa undir umhverfisþáttum styðja einkum við heimsmarkmið 13 um aðgerðir í loftslagsmálum.
- 3.4.3. Áherslumarkmið tengd umhverfisþáttum eru sett undir eftirfarandi liðum:

#### *Sjálfbærni í eigna- og lánasöfnum*

- Fossar munu stefna að því að hefja vinnu við að meta óbeina losun frá lána – og eignasafni samkvæmt viðurkenndri aðferðafræði.
- Fossar munu setja stefnu um ábyrgar lánveitingar.
- Fossar munu hefja vinnu við upplýsingagjöf um umhverfissjálfbærni samkvæmt Taxonomy reglugerðinni þegar hún tekur gildi hér á landi.

#### *Kolefnislosun*

- Fossar munu mæla kolefnisspor sitt árlega og setja sér markmið um minnkun á kolefnislosun.
- Fossar munu kolefnisjafna alla losun í rekstri félagsins ár hvert og velja kaup á kolefniseiningum af kostgæfni.

## 4. Nánar um ábyrgar fjárfestingar

- 4.1. Eignastýringarvið Fossa hefur innleitt verklag um ábyrgar fjárfestingar í sinni starfsemi. Með ábyrgum fjárfestingum er átt við að tekið sé mið af UFS-þáttum við fjárfestingaákvörðanir til viðbótar við hefðbundna fjármálagreiningu og munu þær áherslur eiga við í öllu fjárfestingaferli eigna-stýringarinnar. Eignastýringarvið leggur áherslu á fjármálagreininga sem stuðla við ábyrga ávöxtun til lengri tíma að teknu tilliti til sjálfbærniáhættu, en aðferðafræði við beitingu UFS-viðmiða getur verið mismunandi eftir ólíkum fjárfestingarkostum.
- 4.2. Til að ná markmiðum um ábyrgar fjárfestingar mun eignastýring Fossa leitast eftir því að fylgja eftir sex meginreglum UN PRI:
1. Taka mið af umhverfislegum og félagslegum þáttum og stjórnarháttum (UFS) við greiningu fjárfestingarkosta og við ákvörðunartöku.
  2. Vera virkur eigandi sem tekur tillit til UFS bæði í eigendastefnum og í verki.
  3. Kalla eftir viðeigandi upplýsingagjöf um UFS frá aðilum sem við fjárfestum í.
  4. Beita okkur fyrir viðurkenningu á og innleiðingu þessara meginreglna í



fjárfestingarstarfsemi.

5. Vinna að því að efla árangur við innleiðingu meginreglnanna.
  6. Skila skýrslum um starfsemina og upplýsa um árangur við innleiðingu meginreglnanna.
- 4.3. Fossar leitast eftir því að velja samstarfsaðila sem hafa sýnt framúrskarandi árangur á sviði sjálfbærnimála á heimsvísu.
  - 4.4. Aðild að samtökum UN PRI felur í sér að eignastýring Fossa skilar gagnsæisskýrslu til samtakanna og upplýsir hvernig staðið er að ábyrgum fjárfestingum innan starfseminnar.

## 5. Sjálfbærninefnd

- 5.1. Sjálfbærninefnd er skipuð af framkvæmdastjórn. Nefndin er formlegur vettvangur fyrir umræðu um mál er varða sjálfbærniþætti, sjálfbærniáhættu og önnur UFS tengd atriði. Meðal verkefna nefndarinnar er uppfærsla sjálfbærnistefnu og gerð sjálfbærnisráðgjafar. Nefndin skal hittast eftir þörfum en þó eigi sjaldnar en mánaðarlega.

## 6. Upplýsingagjöf og endurskoðun stefnu

- 6.1. Fossar munu birta árangur markmiða og vankanta árlega í sjálfbærnisráðgjafar til að auka gagnsæi gagnvart öllum haghöfum. Sjálfbærnisráðgjafar verða unnar samkvæmt UFS viðmiðum Nasdaq eins og þau eru á hverjum tíma.
- 6.2. Sjálfbærnistefna þessi mun vera tekin til skoðunar eftir því sem tilefni er til.
- 6.3. Sjálfbærninefnd Fossa ber ábyrgð á endurskoðun stefnunnar og að leggja uppfærð drög fyrir framkvæmdastjórn. Framkvæmdastjórn leggur stefnuna til samþykktar stjórnar. Framkvæmdastjórn einstakra sviða gæta að því að viðeigandi reglur og verklag innan starfssviðs þeirra sé í samræmi við stefnuna og að starfsmenn séu upplýstir um efni hennar.

Samþykkt af stjórn Fossa þann 1. nóvember 2021

Uppfært og samþykkt af stjórn Fossa þann 30. júní 2023